



19. apríl 2021
Tilv.: 2103253

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, 641. mál.

Með tölvupósti, dags. 30. mars 2021, óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, 641. mál, lagt fram á 151. löggjafarþingi.

Seðlabanki Íslands telur tilefni til að koma á framfæri tillögu til breytinga á frumvarpinu sem felur í sér að kveðið verði á um gildissvið laganna í sérstöku ákvæði, svohljóðandi:


Lög þessi gilda um framleiðendur pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja slíkar afurðir. Jafnframt gilda lögín um þá aðila sem bjóða upp á viðbótartryggingarvernd skv. II. kafla laga nr. 129/1997, sbr. 3.–5. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.


Að mati Seðlabankans er tillagan til þess fallin að taka af allan vafa um það til hvaða aðila og fjárfestingarafurða frumvarpið nær til, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Þá telur Seðlabankinn rétt að benda á að í athugasemdum við ákvæði 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. PRIIPs-reglugerðarinnar beri aðildarríkjum að tilgreina hvaða stjórnvald telst lögbært yfirvald til að hafa eftirlit í ríkinu. Í greininni sé Fjármálaeftirlitinu falið það hlutverk. Við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins fluttust öll verkefni þess síðari til Seðlabankans. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eins og þeim var breytt með lögum nr.

91/2019, er „Fjármálaeftirlitið“ ekki lengur til sem lögpersóna eða stofnun og skilja ber tilvísanir í lögum til „Fjármálaeftirlitsins“ sem tilvísanir til Seðlabanka Íslands og verkefna hans á sviði fjármálaeftirlits, sbr. einnig ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Tilvísanir til „Fjármálaeftirlitsins“ eru því eingöngu tilvísanir til eftirlitsstarfsemi Seðlabankans sem honum er lögum samkvæmt falið að sinna, en ekki tilgreining á stofnun og þar með aðila sem bær er að lögum til að bera skyldur eins og þær sem kveðið er á um í frumvarpinu. Tilgreiningin á lögbæru yfirvaldi/stjórnvaldi hefur bæði þýðingu gagnvart annars vegar markaðnum og eftirlitsskyldum aðilum og hins vegar gagnvart lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og stofnunum EFTA og ESB. Því leggur Seðlabankinn til að ný 3. mgr. komi í ákvæði 3. gr. sem hljóði svo: *Seðlabanki Íslands telst lögbært yfirvald í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.*

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir